

Helstu niðurstöður eineltiskönnunar 2016

Stutt samantekt fyrir
foreldra/forráðamenn í
Austurbæjarskóla



OLWEUSARVERKEFNID GEGN EINELTI

Áminning til foreldra

- * Foreldrar ræði við börnin sín um líðan þeirra í skólanum
- * Foreldrar spyrji um féлага barnanna, hvernig þeim líði, hvort einhver sé hafður útundan
- * Foreldrar hafi samband við skólann, ef þeim finnst ástæða til að óttast um einelti, annað hvort við umsjónarkennara eða beint við eineltisteymið í gegnum heimasíðuna. Þar er hægt að setja inn nafnlausu tilkynningu með því að fara inn á „eineltisteymi“ vinstra megin á forsíðu
- * Foreldrar og kennarar vinni saman að lausn eineltismála, þannig næst bestur árangur!!

Almennt um könnunina

- * Könnunin var lögð fyrir 5. – 10. bekk í tölvustofunni í nóvember og desember
- * Alls svöruðu rétt tæplega 90 % nemenda í 5. – 10. bekk sem er næstum eins og í fyrra (90,2%)
- * Könnunin var ekki lögð fyrir þá nemendur sem talið væri að hefðu ekki möguleika á að skilja spurningalistann og þá sem voru nýbyrjaðir í Austurbæjarskóla
- * Hafa ber í huga að niðurstöður eru upplifun nemenda.

Hvað er verið að kanna?

- * Líðan nemenda í skólanum
- * Vinahópin í skólanum
- * Tíðni eineltis, útbreiðslu og birtingarmyndir
- * Traust nemenda til umsjónarkennara um íhlutun
- * Traust nemenda til annarra fullorðinna um íhlutun
- * Viðhorf nemenda til þátttöku í einelti
- * Öryggistilfinningu nemenda í skólanum

Helstu niðurstöður

- * Einelti mældist mjög lítið í Austurbæjarskóla eða 2,4%
- * Mjög mikil lækkun frá síðasta skólaári en þá sögðust 6,8% nemenda (15 nemendur) vera lagðir í einelti.
- * Bak við þessi 2,4% eru 5 nemendur.
- * Einelti mælist **4,7% á landinu**
- **2,4% í Austurbæjarskóla** 😊

Góðir vinir í skólanum

- * 4 börn segjast ekki eiga neinn vin samanborið við 6 í síðustu könnun
- * 97,2% segjast eiga 2 góða vini eða fleiri
- * Mikilvægt að finna sig í „hópi vina“
- * Yfirgnæfandi meirihluti nemenda á marga vini, sem er jákvætt.

Hve oft hefur þú orðið fyrir einelti? 5.-10. bekkur

* Telst ekki einelti:

- ekki orðið fyrir einelti 86 %
- bara mjög sjaldan 11,6%

} 97,6%


* Telst einelti:

- 2 eða 3 í mánuði 1,4 %
- einu sinni í viku 0,5 %
- oft í viku 0,5 %


} 2,4%

Hve oft óttastu að verða fyrir einelti?

Nokkuð færri nemendur finna sig óörugga nú en í fyrri könnun, sem er jákvætt. 6 nú á móti 10 áður. Nemendur finna sig greinilega örugga í skólanum 😊 😊



Gætir þú hugsað þér að leggja nemanda
í einelti sem þú kannt ekki við?
Þau sem svara neitandi!



LANGflestir vilja ekki taka þátt í einelti

- * Á glærunni hér á undan sást glögggt að lang, langflestir vilja ekki taka þátt í einelti 😊
- * Þarna er hópurinn sem þarf að virkja enn betur og koma í veg fyrir að taki óbeinan þátt
- * Þögn er sama og samþykki !!
- * Rannsóknir sýna að ekki þarf fleiri en tvo nemendur sem mótmæla eineltinu og láta það skýrt í ljós, - til að stöðva eineltið í flestum tilvikum
- * Fræðsla um einelti og birtingarmyndir þess er undirstaðan að árangri

Olweus.is

- * Austurbæjarskóli vinnur að eineltismálum samkvæmt aðferðarfræði Olweusar, sem nánar má fræðast á heimasíðu verkefnisins, olweus.is
- * Allar upplýsingar um eineltisáætlun skólans er að finna á heimasíðu hans: starfsáætlun/skólareglur og skólabragur/fyrirbyggjandi starf gegn einelti
- * Þar er að finna tilkynningarhnapp: Grunur um einelti og einnig undir flípanum almennar upplýsingar.



Gegn Einelti



OLWEUSARVERKEFNID GEGN EINELTI